

Mansal 2024

Ársskýrsla



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir polendur ofbeldis

ÁRSSKÝRSLA 2024 - Mansal



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2024 - mansal

Ábyrgðaraðili: Jenný Kristín Valberg teymisstýra Bjarkarhlíðar

Uppsetning: Samantekt og tölfraði Þóra Björk Ágústsdóttir og Jenný Kristín Valberg

Útgáfustaður: Reykjavík, mars 2025

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

EFNISYFIRLIT



Hlutverk.....	4
Birtingarmyndir mansals.....	6
Áhættuþættir.....	8
Tölulegar upplýsingar 2024.....	9
Vinnumansal 2024.....	14
Vændismansal og kynferðisleg ánaud 2024.....	15
Þarfir brotaþola.....	16
Áskoranir.....	18
Umræða og framtíðarsýn.....	23

HLUTVERK



Bjarkarhlíð sinnir mansalsmálum og er óhætt að segja að umfangið hafi aukist jafnt og þétt síðustu ár en ákveðið var að ráða í fyrsta sinn starfsmann í fullt starf árið 2024 til þess að halda utan um slík mál. Bjarkarhlíð hefur það hlutverk, samkvæmt samningi við Félags- og húsnæðismálaráðuneytið að samhæfa aðgerðir og kalla til viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál eða þegar grunur er um slíkt. Samhæfingarsérfræðingur hóf störf síðastliðið haust og heyrir undir teymisstýru Bjarkarhlíðar sem áfram kemur að mansalsmálum og á í kjölfar þess var mansalsteymi Bjarkarhlíðar lagt niður.

Bjarkarhlíð hefur það hlutverk samkvæmt samningi við ráðuneytið að:

- Taka saman lög og reglugerðir er lúta að málaflokknum.
- Safna saman gátlistum og leiðbeiningum er lúta að þjónustu við brotapolu mansals.
- Taka saman ferla mismunandi stofnana og samtaka sem koma að mansalsmálum, s.s. innan lögreglu, Útlendingastofnunar, félagsþjónustu, Vinnumálastofnunar, félagasamtaka og Vinnustaðaeftirlits ASÍ.
- Kynna hlutverk Bjarkarhlíðar í mansalsmálum fyrir viðeigandi viðbragðsaðilum á landsvísu.
- Taka saman og rýna athugasemdir GRETA og bregðast við þeim með úrbótum á verklagi eða með öðrum hætti eftir því sem þarf.
- Halda utan um mansalsmál sem koma á borð Bjarkarhlíðar, kalla saman viðeigandi viðbragðsaðila og samræma viðbrögð og þjónustu til þolenda mansals, eða þegar grunur er um slíkt.
- Hafa forgöngu um kynningu á eðli mansals og hvernig það virkar á heimsvísu fyrir þau sem þurfa að hafa þekkingu þar á.
- Móta og samræma almennt verklag þegar kemur að þjónustu við brotapolu mansals, kynna það og gera aðgengilegt á vefsíðu Bjarkarhlíðar.
- Leita leiða til þess að ná sérstaklega til brotapolu vændismansals.

Þegar upp kemur grunur um mansal er það hlutverk Bjarkarhlíðar að kalla til starfsfólk og mynda viðbragðsteymi og í teyminu geta verið eftir atvikum, fulltrúar frá Lögreglunni, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi brotapolu er með lögheimili. Þessir viðbragðsaðilar geta einnig verið Kvennaathvarfið, Vinnumálastofnun, verkálýðshreyfingin, heilsugæslan og/eða aðrir viðeigandi aðilar. Góð reynsla er af teymisvinnunni og mikil ánægja með hana.


HLUTVERK



Bjarkarhlíð hefur það hlutverk að veita ráðgjöf og stuðning auk þess að tengja brotapolu við úrræði sem geta nýst. Þá er átt við til dæmis virkniúrræði hjá öðrum félagasamtökum, nám í framhaldsskóla eða aðstoð við að finna vinnu og hefur sérfræðingur lagt áherslu á efla tengslanet við sem flesta sem gætu komið að málum. Markmiðið er að vera með verkfærakistu með fjölbreyttum verkfærum og gott tengslanet til að geta mætt ólíkum þörfum þolenda.

Þar sem samhæfingarsérfræðingur hefur einnig það hlutverk að kynna starfsemina fyrir þjónustuveitendum og verður lögð áhersla á að fræða starfsfólk opinberra stofnanna og þjónustuveitendur auk þess að skapa tengsl við fagaðila. Nauðsynlegt er að fagfólk annarra samtaka og stofnana geti haft samband við Bjarkarhlíð og fengið ráðgjöf, bæði almennt en ekki síður um einstaka mál og þá er mikilvægt að búið sé að mynda tengsl. Sem stendur hefur mest samvinna verið við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og er góð reynsla af því samstarfi. Næstu skref fela í sér að hafa samband við fleiri sveitarfélög og bjóða upp á fræðslu og/eða fundi til að undirbúa hugsanlegt samstarf.

Bjarkarhlíð tekur þátt í ráðstefnum, málstofum er tengjast mansalsmálum og kynnir málaflokkinn út á við alltaf þegar tækifæri gefst til.



BIRTINGARMYNDIR



Helstu birtingarmyndir mansals eru; vinnumansal, nauðungarhjónaband, nauðungarþjónusta, vændi og þvinguð afbrot. Vinnumansal virðist koma upp í nánast öllum atvinnugreinum þó hafa þau mál sem Bjarkarhlíð hefur haft afskipti af mest tengst byggingariðnaði, veitingageiranum, ýmsum þjónustustörfum og snyrtistofum. Það sem einkennir brotapolu er að þau eru af erlendum uppruna og í leit að betra lífi. Það er algengt að dvalarleyfi sé tengt atvinnu þeirra og því veltur mikið á því að halda starfi sínu og er fólk því mögulega í viðkvæmri stöðu gagnvart vinnuveitanda sínum.

Nauðungarhjónabönd geta verið af margvíslegum toga, ein birtingarmynd er að gerandi þarf dvalarleyfi og setur brotapolu í skuld sem brotapolu greiðir með því að giftast geranda sínum til að tryggja dvalarrétt hans (geranda). Skuldirnar sem um ræðir geta verið vegna fíkniefna, eða að brotapolu hafi áður sest að á Íslandi með aðstoð þriðja aðila (gerandi) og þarf að borga fyrir þá þjónustu. Kynferðisleg ánauð er nátengd þessari birtingarmynd og er líklega algeng en mjög dulin, þá hefur brotapolu til dæmis komið til Íslands með aðstoð eða fyrir tilstuðlan geranda í góðri trú og er hnepptur í ánauð í kjölfarið. Erfiðlega hefur gengið að rannsaka málamyndahjúskap í tengslum við veitingu dvalarleyfa á grundvelli hjúskaps, en ljóst er að nauðungarhjónabönd og málamyndahjúskapur geta verið birtingarmyndir mansals.

Engin tölfræði virðist vera til um nauðungarhjónabönd eða kynferðisleg ánauð en sterkur og rökstuddur grunur er um að þessi birtingarmynd sé nokkuð algeng á Íslandi. Áhyggjur af slíkum málum koma oft upp í samtölum starfsfólks Bjarkarhlíðar og annarra hagaðila. Ef brotapolu hefur gengið í hjónaband með geranda verður mikið valdaójafnvægi ef til dæmis dvalarleyfi byggist á hjúskap. En það hefur einnig komið fram í ráðgjafaviðtölum í kjarnastarfsemi Bjarkarhlíðar að þetta valdaójafnvægi getur haft mjög skaðleg áhrif á brotapolu þó að ekki sé endilega um mansal að ræða.

Nauðungarþjónusta er angi mansals sem á sér stundum stað innan heimilis, er þá oft talað um svokallaða Au-pair eða vinnuvist í þessu samhengi. Auk þess hefur það átt sér stað að erlendir sjálfboðaliðar í leit að ævintýrum á Íslandi festist í slíkum aðstæðum þar sem gerandi nýtir sér góðvild eða samfélagsvitund fólks. Þá er sjálfboðastarfið ekki í raun það sem samþykkt var af báðum aðilum í byrjun heldur vinna sem ekki er launuð og jafnvel engin mörk á því hversu mikil vinna er unnin og því í raun þrældómur sem fólk hefur verið narrað í.

Vændi er einnig miklu algengara en tölfræði segir til um en eðli málsins samkvæmt eru brotapolar sérstaklega jaðarsettur hópur. Bjarkarhlíð leitar leiða til þess að ná til hópsins en þar sem það er í raun óheimilt að veita Bjarkarhlíð viðkvæmar persónuupplýsingar án samþykkis brotapolu er ljóst að mikið átak þarf til.

BIRTINGARMYNDIR



Þjónustubegar Bjarkarhlíðar hafa nefnt þvinguð afbrot sem hluta mansals en það er þekkt birtingarmynd víðar í heiminum. Þá hafa brotapolar lýst því að mansalið sé aðallega vændi til dæmis en að einnig sé ætlast til að brotapolí brjóti af sér og að gerandi hagnist af þeim afbrotum. Innbrot, þjófnaður eða fíkniefnainnflutningur koma oft upp í samtölum við brotapolá.

Í samtölum við barnavernd og fleiri aðila hefur komið fram að grunur hefur verið um að börn hafi verið hneppt í mansal hér á landi. Þá hafi þau komið til landsins með fólki sem síðar kemur í ljós að ekki eru foreldrar þeirra. Grunur um mansal hefur svo vaknað þegar þau eru gripin við þjófnað og lögregla/barnavernd kölluð til. Einhver slík mál hafa verið til rannsóknar hjá lögreglu en ekki hefur verið unnt að staðfesta að um mansal sé að ræða samkvæmt starfsfólki barnarverndar. Tölfræði Bjarkarhlíðar sýnir ekki mál þar sem barn er þolandi þar sem engin þjónusta er veitt börnum og starfsmaður hefur ekki haft aðkomu að þeim málum. Engu að síður er mikilvægt að haldið sé utan um slíka tölfræði eins og kostur er.



ÁHÆTTUÞÆTTIR



Mansalsmál sem komið hafa upp á Íslandi eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg og má gefa sér að þau mál sem ekki er búið að uppræta séu það líka. Þó eru ákveðnir áhættuþættir einkennandi fyrir brotapolu mansals og má þar helst nefna fátækt og jaðarsetningu. Fólk sem býr við fátækt er viðkvæmara fyrir gylliboðum eða vafasömum atvinnuboðum en aðrir. Ef fólk er þar að auki í litlum tengslum við samfélagið sem það býr í er það viðkvæmara fyrir misbeitingu og ólíklegra til að leita sér hjálpar.

Konur eru viðkvæmur hópur þar sem þær eru líklegri til að vera fátækar og undirskipaðar geranda sínum. Það hefur borið á því að þjónustuþegar kjarnastarfsemi Bjarkarhlíðar hafi upphaflega óskað eftir almennri þjónustu en síðar orðið ljóst að um mansal var að ræða. Þá er algengt að brotapolar geri sér ekki grein fyrir því að ofbeldið sem þau hafa orðið fyrir sé mansal, sérstaklega þegar um fólk með fötlun er að ræða.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur fjallað um tengsl fötlunar og mansals í grein sem gefin var út í mars 2024 (Invisible Victims: The nexus between disabilities and Trafficking in Human beings). Þar er talað um bæði fötlun sem áhættuþátt og fötlun sem afleiðingu mansals. Þá er talað um að fjórir þættir beri með sér sérstaka áhættu: „að vera háð/ur umönnunaraðilum, takmarkað aðgengi að upplýsingum eða úrræðum, samskiptaörðugleikar eða eitthvað sem kemur í veg fyrir að viðkomandi geti nýtt eigin atbeina eða hafi frumkvæði að því að leita sér stuðnings og síðast fordómar og mismunun.“

Þess vegna hefur starfsfólk Bjarkarhlíðar sérstakar áhyggjur af því að konur með fötlun séu í mikilli hættu gagnvart mansali. Hlutfall fólks með fötlun meðal þjónustuþega Bjarkarhlíðar endurspeglar því miður ekki hlutfall fólks með fötlun í samfélaginu. Því má gefa sér að sá hópur sé síður líklegur til að leita sér aðstoðar.


Fólk af erlendum uppruna er í áhættuhópi samanber hlutfall brotapolu með erlendan bakgrunn sem Bjarkarhlíð hafði afskipti af árið 2024 vegna mansals. Þeir einstaklingar eru augljós jaðarhópur í samfélaginu og gera má ráð fyrir að tengsl þeirra við samfélagið séu minni en gengur og gerist meðal annarra íbúa landsins. Tungumálakunnátta og læsi eru grundvöllur þess að geta leitað sér upplýsinga og aðstoðar en meðal brotapolu árið 2024 var afgerandi hversu margir brotapolu töluðu hvorki íslensku né ensku.

Segja má að viðkvæmustu hóparnir fyrir mansali séu einstaklingar sem eru á einhvern hátt undirskipuð og þekkja ekki rétt sinn til dæmis slæm félagsleg staða, fötlun, tungumálaörðugleikar og ótti við yfirvöld.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2024



Á síðastliðnu ári voru 55 mansalsmál sem Bjarkarhlíð kom að með einum eða öðrum hætti. Þar af voru 54% brotþola karlar, 44% konur og 2% kynsegin (sjá mynd 1).




Mynd 1

Af þessum málum voru 44 tengd vinnumansali eða 80%, 6 mál voru vændismansalsmál eða 11%. (sjá mynd 2). Vinnumansalsmálin tengdust flest veitingastöðum þó einhver hafi tengst byggingariðnaði.

Þess ber að geta að tölfræði síðasta árs litast að einhverju leyti af stóru máli sem upp kom í mars 2024 og er hér eftir í þessari skýrslu kallað „stóra vinnumansa“. Málið tengist veitingaiðnaði en í því máli eru bæði gerendur og brotþolar frá Víetnam. Aðrir gerendur mansals á Íslandi á árinu 2024 voru frá Íslandi, Afríku, Asíu og Austur-Evrópu

Í vændismansalsmálunum sem upp hafa komið voru brotþolar í öllum tilfellum konur. Þær komu frá Afríku, Austur- Evrópu og Íslandi.

Mansalsmál eru flókin og ekki alltaf ljóst í upphafi hvort um mansal er að ræða eða ekki. En í 9% mála kom í ljós eftir að rannsókn hófst eða við frekari eftirgrennslan að ekki um mansal hafi verið að ræða heldur misbeiting til dæmis í formi ánauðar eða brot á vinnulöggjöf.




Mynd 2

Þau vinnumansalsmál sem getið er í tölfræði Bjarkarhlíðar eru eins og áður segir flest innan veitingageirans og byggingariðnaðar. Borið hefur á starfsmannaleigum þar sem grunur leikur á að starfsmenn megi þola misbeitingu og/eða mansal. Þá voru brotþolar vinnumansals árið 2024 annars vegar af asískum uppruna og hins vegar af Austur-Evrópskum uppruna og karlar í miklum meirihluta.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2024




Í um 73% tilvika allra mansalmála sem komu við sögu Bjarkarhlíðar árið 2024 var gerandi yfirmaður brotþola en í kringum 7% tilvika var gerandi ættingi, vinur eða kunningi og í 5,5% tilvika var gerandi núverandi eða fyrrverandi maki. Gerendur voru í flestum tilvikum samlandar brotþola og yfirleitt af erlendum uppruna. (sjá mynd 3.) Þess ber þó að geta að tveir gerendur eru íslenskir að uppruna. Athygli er vakin á því að í öllum þeim málum sem upp hafa komið eru fjöldi gerenda ekki fleiri en 5 til 10 samtals (en erfitt er segja til um fjölda gerenda þar sem í hverju máli getur verið fleiri en einn gerandi)



Mynd 3


Samkvæmt niðurstöðum skráninga Bjarkarhlíðar töluðu 38 brotþolar af 55 hvorki íslensku né ensku (69%), 40 brotþolar vantreysta yfirvöldum (72%) og 36 af brotþolum (67%) óttast að upplýsa um dvalarstöðu sína. (sjá mynd 4)




Mynd 4

Ráðgjafar Bjarkarhlíðar skrá inn í þjónustuskýrslur upplýsingar í samræmi við viðtöl við brotþola. Eitt af þeim atriðum sem hægt er að skrá er tegund ofbeldis og þá er hægt að haka við fleiri en eina tegund þar sem fólk verður oft fyrir margvíslegu ofbeldi. En af þeim 55 brotþolum sem Bjarkarhlíð hafði afskipti af vegna mansals kváðust 50 hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi, þá höfðu 45 brotþolar orðið fyrir fjárhagslegu ofbeldi, 9 brotþolar höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, 4 brotþolar töluðu um stafrænt ofbeldi og 2 brotþolar urðu fyrir líkamlegu ofbeldi, sjá mynd 5 á næstu blaðsíðu.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2024




Þegar litið var til atvinnu- og heimilisaðstæðna voru nokkur atriði sem komu upp síendurtekið eða í 74,5 - 76% tilvika; en það er fjárhagslegt ofbeldi (fá lítil eða engin laun/hefur ekki yfirráð yfir launum sínum) og vinnuánauð (vinnur langan vinnudag og telur sig vinna tiltekið starf gegn vilja sínum). 39 brotapolá töldu sig búa við lélegar eða ófullnægjandi aðstæður eða 71% þeirra sem sóttu þjónustu mansalsteymis Bjarkarhlíðar, þá kváðust 35 (63%) brotapolá skulda fé t.d. ferðakostnað og þurfa að endurgreiða kostnað með vinnu eða annars konar þjónustu. (sjá mynd 6).



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2024




Ráðgjafar Bjarkarhlíðar halda tölfræði yfir þær tilvísanir sem gerðar eru í kjölfar þess að fólk sækir til þeirra þjónustu og má sjá á myndum 7 og 8 fjölda skráðra tilvísanna. Mjög misjafnt er hversu mikla velferðarþjónustu fólk hefur þörf fyrir en eins og má sjá á mynd 7 var lang algengast að vísað væri á lögreglu. Einnig óskuðu brotapolar mansals eftir aðstoð við að tryggja sér dvalarrétt. Vegna þess hve þétt þjónustuaðilar unnu saman við „stóra vinnumansalsmálið“ voru tilvísanir ekki eins margar og þær hefðu getað verið. Þjónustuaðilar voru einfaldlega komnir að borðinu á sama tíma og ráðgjafi Bjarkarhlíðar. En að sama skapi voru margir sem óskuðu eftir aðstoð vegna vangoldinna launa, aðstoð við að finna nýja vinnu og við að tryggja atvinnurétt.



Í öðrum málum sem upp komu árið 2024 þurfti að vísa á félagsþjónustu eða „útlendingur í sérstökum aðstæðum“ (ÚSA). Eins og sjá á mynd 7 óskuðu 9 aðilar eftir fjárhagsstuðningi árið 2024 og 4 aðilar óskuðu eftir húsnæði. Þess ber að geta að enginn brotapolí í „stóra vinnumansalsmálinu“ óskaði eftir fjárhagsaðstoð eða húsnæði. Það skýrist mögulega af því að mörg þeirra stefna á að sækja um íslenskan ríkisborgararétt þegar þau hafa búið á Íslandi í 6 ár en eitt af þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til þess að fá ríkisborgararétt er að hafa ekki þegið fjárhagsaðstoð.



Auk aðstoðar frá velferðarþjónustu hafa brotapolar mansals og þá sérstaklega brotapolar vinnumansals þegið aðstoð stéttarfélaga, ASÍ, Vinnueftirlits og Vinnumálastofnunar. En á bilinu 35 - 37 manns fengu aðstoð frá þessum aðilum. ASÍ, stéttarfélög og Vinnueftirlitið þjóna stóru hlutverki þar sem veitt er ráðgjöf annars vegar og innheimta launa hins vegar. Þá hefur Vinnumálastofnun aðstoðað fólk við að fá nýja vinnu og tekið umsóknir um atvinnuleyfi til vinnslu hratt og örugglega.



Mynd 8

Segja má að í þeim málum þar sem þjónustuaðilar koma að borðinu strax frá byrjun sé minna um tilvísanir og hægt að veita alhliða þjónustu á einum stað eins og í „stóra vinnumansalsmálinu“. Þá eru færri staðir sem þjónustuþegar þurfa að sækja og upplýsingarnar aðlagðar að hverju máli fyrir sig á auðveldan og skilvirkan hátt. En allir þjónustuaðilarnir sem tilgreindir eru í mynd 8 sóttu upplýsingafundi með brotapolum á sama tíma auk félagsþjónustunnar, Útlendingastofnunar og Bjarkarhlíðar. En betur verður farið í þessa vinnu í næsta kafla.

VINNUMANSAL



Meðal starfsfólks Bjarkarhlíðar og annarra hagaðila leikur grunur um að vinnumansal leynist víða og ber þá helst að nefna ferðaiðnaðinn og nudd- og/eða snyrtistofur í því tilliti. Eins og kom fram í tölfræðikafla er sem stendur til rannsóknar „stóra vinnumansalsmálið“ þar sem bæði hugsanlegir brotapolar og meintur gerandi eru frá Víetnam. En lögregla telur málið með stærri mansalsmálum sem tekin hafa verið til rannsóknar á Norðurlöndum. Á fundum aðgerðateymis vegna þessa stóra máls hefur komið fram að grunur leiki á að svipuð kerfi sé að finna meðal snyrtistofa. Það er að segja að vinnuveitandi aðstoði fólk við að koma til landsins á fölskum forsendum og fólk þurfi svo að borga fyrir þann greiða með vinnu.

Aðgerðardagur

Stór hluti brotapola sem Bjarkarhlíð hafði afskipti af eru brotapolar í „stóra vinnumansalsmálinu“. Fyrirtækin sem um ræðir eru meðal annars veitinga- og ræstipjónustur. Brotapolar eru í flestum tilvikum frá Víetnam og höfðu komið til Íslands í leit að vinnu og almennt betri lífsgæðum en það bjó við í heimalandi. Þau fengu mörg hver dvalarleyfi á grundvelli þess að vera sérfræðingar í víetnamskri matargerð. Í sumum tilfellum voru umsóknir byggðar á fölskum gögnum um sérfræðipekkingu eða á grundvelli málamyndahjúskapar. Grunur leikur á að meintur gerandi í þessu máli hafi útvegað fölsuð gögn eða haft milligöngu um málamyndahjúskap gegn greiðslu brotapola.

Lögregla hafði haft málin til rannsóknar í einhvern tíma áður en ráðist var í aðgerðir en þær fólu í sér að farið var inn á vinnustaðina og í kjölfarið var starfstöðum lokað. Starfsfólk var beðið um að gefa skýrslu og greina frá stöðu sinni á Íslandi. Í lögregluaðgerðinni tóku virkan þátt starfsmenn ASÍ, starfsmenn vinnueftirlits, starfsmaður Bjarkarhlíðar, starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og starfsmaður Útlendingastofnunar.

Með þessum hætti var hægt að upplýsa hugsanlega brotapola mansals um réttindi þeirra og styðja þau frá fyrstu stundu. Það var unnt að skoða dvalarleyfisstöðu, rétt til atvinnu og veita upplýsingar varðandi réttindi starfsfólks á Íslandi. Í kjölfar aðgerðardags voru svo haldnir 16 upplýsingafundir með hugsanlegum brotapolum og þjónustuveitendum þar sem farið var yfir stöðu máls í lögreglukerfinu, stöðu fólks með tilliti til dvalar og atvinnuréttar og þá þjónustu sem stendur brotapolum mansals til boða. Hægt er að segja að árangur af þessum upplýsingafundum hafi endurspeglast í styrk brotapola sem óx jafnt og þétt.

VÆNDISMANSAL OG KYNFERÐISLEG ÁNAUÐ



Samkvæmt rannsóknum annars vegar og upplýsingum frá lögreglu hins vegar er mikið um vændismansal á Íslandi. Brotapolar vændis eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og oftar en ekki með mjög flókna áfallasögu og því mikilvægt að halda sérstaklega vel utan um þau. Ekki síst til þess að veita andlegan og áfallamiðaðan stuðning en einnig til að tryggja að þau fái skýrar upplýsingar um réttarstöðu sína. Þá er nauðsynlegt að tryggja öryggi brotapola vændismansals en í þeim málum sem upp hafa komið var erfitt að tryggja öryggi brotapola þá einkum vegna þess að ekkert öruggt húsnæði er til staðar fyrir þennan hóp.

Bjarkarhlíð telur áriðandi að taka saman upplýsingar um stöðu brotapola vændis á Íslandi svo hægt sé að mæta þörfum þeirra betur og bæta upplýsingagjöf til þessa hóps um réttindi og þá þjónustu sem stendur til boða. Ljóst er að sú vinna er viðamikil og flókin og því ekki hlaupið að því að klára slíka vinnu á stuttum tíma þegar einungis einn starfsmaður vinnur með mansalsmál í fullu starfi á Íslandi. Bjarkarhlíð hefur tekið þátt í aðgerðardögum lögreglunnar og fylgt lögreglu inn á staði þar sem grunur leikur á að um mansal sé um að ræða og hefur verið rætt við mansalsteymi Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu um að halda því áfram. Vonir standa til um að þolendur leiti sér frekar hjálpar ef þau hafa hitt ráðgjafa áður en þau koma í Bjarkarhlíð eða að tengsl skapist á vettvangi sem hjálpa þeim að stíga út úr aðstæðum.

Þrátt fyrir að vitað sé að vændishús séu rekin víðsvegar um landið og að brotapolar séu ítrekað sendir hingað til lands til þess að hægt sé að hagnast á þeim í mansali hafa einungis örfá vændismansalsmál komið til vinnslu í Bjarkarhlíð á síðasta ári. Auk þeirra hafa komið upp mál sem fela í sér kynferðislega ánauð. Sökum þess hve málin eru fá er erfitt að fjalla um þau á tæmandi hátt án þess að upplýsingarnar verði persónugreinanlegar. Að því sögðu, er hægt að greina frá því að árið 2024 varða flest málin erlendar konur sem komu hingað fyrir tilstuðlan gerenda og þær koma frá Afríku annars vegar og Austur- Evrópu hins vegar. Austur-evrópsku konurnar sem voru í þessari stöðu áttu það sameiginlegt að vilja halda til heimaríkis eftir að hafa fengið aðstoð við að losa sig úr mansali en konurnar frá Afríku vildu ekki snúa til baka. Þær freistuðu þess að skapa sér nýtt líf á Íslandi þar sem atvinnutækifæri eru fleiri og framtíðarhorfur betri.

Þess ber að geta að í kjarnaþjónustu Bjarkarhlíðar hafa komið upp mál sem greind hafa verið sem mansalsmál. Þá er um að ræða konur sem eru búsettar hér á landi og íslenskar að uppruna. Þær leituðu til Bjarkarhlíðar vegna ofbeldis sem þær hafa orðið fyrir en við nánari skoðun kom í ljós að einnig var um mansal að ræða.

ÞARFIR BROTAÞOLA



Þarfir brotaþola geta verið margvíslegar en mikilvægast er að tryggja öryggi þeirra, öruggt húsnæði og framfærslu. Þar að auki eru félagslegar og sálfræðilegar þarfir sem þarf að huga að.

Húsnæði og Öryggi

Öruggt húsnæði er mikilvægasta fyrsta skrefið og í þeim tilvikum þar sem þarf að tryggja húsnæði hefur samræmingarsérfræðingur haft samband við félagsþjónustu þess sveitarfélags sem við á en þau hafa samning við ríkið um að veita þjónustu við „útlendinga í sérstökum aðstæðum“ (ÚSA). Undir það falla einstaklingar sem koma hingað til lands og hafa uppruna utan EES svæðisins og eru í einhvers konar vanda. Auk þess veitir ÚSA erlendum ríkisborgurum sem eiga ríkisfang innan EES svæðisins í sérstökum tilfellum fjárhagsaðstoð. Undir það falla meðal annars brotaþolar mansals. En húsnæðismálin hafa hingað til verið leyst með nýtingu gistiheimila en þau hafa reynst órugg og því hefur fylgt aukin hætta á ítrekuðum áföllum (re-traumtisatíon). Bjarkarhlíð telur skipta miklu máli að hægt verði að tryggja öruggt húsnæði fyrirvaralaust fyrir þolendur mansals en það verkefni hefur ekki verið leyst ennþá.

Öryggismálum er mjög ábótavant og hefur starfsfólk Bjarkarhlíðar miklar áhyggjur af öryggi brotaþola og hugsanlegum endurteknum áföllum. Gerendur virðast hafa greiðan aðgang að brotaþolum auk þess sem brotaþolar eru í áframhaldandi sérstaklega viðkvæmri stöðu. Þess ber þó að geta að brotaþolar mansals sem eru konur geta í einhverjum tilvikum nýtt sér dvöl í Kvennaathvarfinu í allt að fjórar vikur.

Að tryggt húsnæði sé til staðar er grundvallaratriði til þess að hægt sé að tryggja öryggi fólks og koma í veg fyrir aðgengi geranda að brotaþolum.

Fjárhagslegt öryggi

Mikilvægt er á fyrstu stigum í þjónustu við brotaþola mansals að tryggja fjárhagslegt öryggi en það hefur ýmist verið leyst af „Útlendingur í sérstökum aðstæðum“ (ÚSA) eða félagsþjónustu sveitarfélags. Stundum þarf að gera launakröfur eða aðstoða brotaþola við að innheimta laun og hefur ASÍ borið ábyrgð á því með aðstoð vinnueftirlitsins.

Dvalar- og atvinnuleyfi

Í þeim tilfellum sem brotaþolar þurfa að tryggja sér dvalarrétt getur þurft að leiðbeina um umsókn dvalarleyfis. Svokölluð umþóttunarleyfi standa brotaþolum alltaf til boða þó að stundum sé hægt að sækja um annars konar leyfi. Fyrir brotaþola sem búið hafa á Íslandi með dvalarleyfi áður en mansal uppgötvast fela umþóttunarleyfi oft í sér skerðingu á réttindum og í þeim tilvikum er lögð áhersla á að leita annarra leiða til að tryggja dvalarrétt. Umþóttunarleyfi eru dvalarleyfi sem hugsuð eru fyrir fólk sem eru hugsanlega brotaþolar mansals. Þau eru veitt í allt að 9 mánuði og eru hvorki endurnýjanleg né veita rétt til fjölskyldusameiningar.

ÞARFIR BROTAÞOLA



Ef einstaklingur með umbóttunarleyfi hyggst stunda atvinnu þarf að sækja um atvinnuleyfi sérstaklega. Umbóttunarleyfinu er ætlað að veita þolanda andrými til að íhuga næstu skref, hvort sem það er að leita sér aðstoðar við að komast til heimaríkis eða við að koma sér fyrir á Íslandi. Þá fær fólk tíma til að skoða hvort þau vilji starfa með lögreglu eða halda áfram með sitt líf án þess að leggja fram kæru. Vegna þess hversu lítil réttindi umfram dvalarrétt umbóttunar- og mansalsleyfi veita leggur Bjarkarhlíð áherslu á að leita leiða til þess að sækja um annars konar dvalarleyfi. Sem dæmi má nefna dvalarleyfi sem byggja á atvinnu og/eða námi sem umsækjandi stundar.

En í framhaldi af umbóttunarleyfi er mögulegt að sækja um svokallað mansalsleyfi sem er fyrir þolendur mansals og liggur það í orðalagi laganna að þá skuli búið að staðfesta að umsækjandi sé sannarlega þolandi mansals. Á Íslandi er enginn sem staðfestir slíkt nema mögulega dómstólar en afar fáar rannsóknir á mansalsmálum hafa leitt til sakfellingar. Því er enn óljóst nákvæmlega hvaða skilyrði umsækjandi/þolandi þarf að uppfylla til þess að fá mansalsdvalarleyfi veitt.

Félagslegur stuðningur

Bjarkarhlíð vinnur að því að kortleggja ýmiss konar félagsleg úrræði. Sem dæmi má nefna er Bjarkarhlíð í samstarfi við Hjálpræðisherinn sem hefur veitt brotaþola mansals stuðning. Rauði krossinn heldur einnig úti félagslegum virkniúrræðum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem hægt er að nýta til að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Um er að ræða sjálfbóðaliðastarf sem getur nýst brotaþolum mansals og valdeflt fólk sem hefur fá félagsleg tengsl á Íslandi. Fólk hefur til dæmis haft tækifæri til að vinna sem sjálfbóðaliðar í eldhúsi Hjálpræðishersins eða starfað í Hertex búðum o.s.frv. og öðlast tækifæri til að kynnast öðru fólki og eflt sitt sjálfstraust. Einnig eru ýmis önnur virkniúrræði þar í boði eins og til dæmis saumaklúbbur og gospel kór. Þá starfrækir Stígamót hópastarf og ráðgjöf fyrir brotaþola vændis. Góð tengst eru milli Bjarkarhlíðar og Stígamóta, starfsfólk Bjarkarhlíðar getur haft samband og beðið um þjónustu en brotaþolar vændis eru í forgangi hjá Stígamótum.

Örugg heimför

Í þeim tilvikum sem brotaþoli óskar þess að snúa til heimaríkis eða brotaþola er gert að snúa til heimaríkis er það á ábyrgð íslenska ríkisins að tryggja örugga heimför. Framkvæmd er ýmist í höndum ÚSA, Útlendingastofnunar og/eða lögreglu en það fer eftir aðstæðum hvers og eins. Ef brotaþoli óskar eftir því að yfirgefa landið hefur ÚSA heimild til þess að greiða ferðakostnað. Ef brotaþola er gert að yfirgefa landið er það í höndum lögreglu og Útlendingastofnunar að ganga úr skugga um að brotaþoli geti yfirgefið landið og fái til þess aðstoð. Útlendingastofnun er heimilt að útvista framkvæmd til alþjóðastofnanna ef erlendum ríkisborgari óskar aðstoðar við heimför eftir brottvísun eða frávísun.

ÁSKORANIR



Eitt af hlutverkum Bjarkarhlíðar eins og komið hefur fram í inngangi er að taka saman mismunandi ferla stofnanna og samtaka sem koma að mansalsmálum. Og lög er lúta að málaflokknum í þeim tilgangi að ná yfirsýn. Þá þarf að tryggja að mismunandi kerfi og lög vinni saman án þess að hindranir eða gloppur myndist í þjónustu við brotþola mansals. Þarfir brotþola tengjast mismunandi kerfum, til dæmis geta þeir þurft þjónustu heilbrigðiskerfis, dómskerfis og velferðarkerfis og það er því viðbúið að einhverjum hindrunum þurfi að ryðja úr vegi. Hér verður stiklað á stóru hvað varðar þær áskoranir sem upp hafa komið.

Húsnæðismál og öryggi

Húsnæðismál hafa reynst þjónustuveitendum erfið og eins og komið hefur fram hefur vandinn verið leystur með því að koma fólki fyrir á gistiheimilum með tilheyrandi kostnaði og óöruggu umhverfi fyrir þolendur. Starfsfólk verkefnisins „Útlendingar í sérstökum aðstæðum“ (ÚSA) og starfsfólk félagsþjónustunnar hafa þurft að grípa til þessara ráða og brotþolar jafnvel þurft að flytjast á milli gistiheimila ítrekað. Eins hefur orðið vart um að aðstæður á gistiheimilunum séu ótryggar og þá sérstaklega fyrir konur og/eða þolendur vændis. Það er ljóst að brotþolar mansals eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og mikilvægt að tryggja öryggi þeirra, varanlegt húsnæði er þar einkar mikilvægur þáttur.

Komið hefur fram að kvenkynsbrotþolar mansals geti leitað til kvennaathvarfsins í allt að 4 vikur. En það er metið hverju sinni hvort búsetuúrræðið hentar og er það háð samþykki athvarfsins. Einnig hefur komið fyrir að ráðgjafar Kvennaathvarfsins hafi tilkynnt hugsanlegt mansal til Bjarkarhlíðar eftir að konur hafa fengið þar gistingu og aðstoð vegna ofbeldis sem þær hafa orðið fyrir í nánú sambandi. En þegar búið er að staðfesta með einhverjum hætti að mál verði unnið sem mansalsmál geta konurnar verið áfram í 4 vikur í úrræði athvarfsins. Að því sögðu þá hafa fulltrúar kvennaathvarfisins sýnt brotþolum mansals mikinn skilning og eftir atvikum mætt þörfum brotþola með því að veita undanþágu frá þessari reglu og þar með bætt verulega öryggi brotþola í mjög alvarlegri stöðu.

Ljóst er að nauðsynlega þarf að hafa aðgengi að húsnæði fyrir brotþola þar sem hægt er að tryggja öryggi þeirra og aðgengi að þjónustu. Einnig veltur hugsanlegt samstarf við „Saman gegn ofbeldi“ úrræðið (SGO) á því að hægt sé að vísa fólki í húsnæði með litlum sem engum fyrirvara. En hugmyndin með samstarfi við SGO er sú að fólk sem nú þegar gengur vaktir vegna heimilisofbeldis gæti tekið við tilkynningum um hugsanlegt mansal utan venjulegs vinnutíma og hefði þá búsetuúrræði til að vísa í.

ÁSKORANIR



Fræðsla og upplýsingagjöf

Eitt af þeim verkefnum sem mansalsteymi Bjarkarhlíðar stendur frammi fyrir er að upplýsa almenning og hugsanlega brotapolu um hlutverk samræmingaraðila. En til þess að brotapolar sækji stuðning og ráðgjöf þurfa þau að sjálfsögðu að vita af þessari þjónustu. Þá hafa komið upp hugmyndir um að setja upp límmiða eða plaköt á fjölförnum stöðum. Staði þar sem brotapolar ofbeldis sækja, til dæmis bráðamóttöku, kvennadeild, Vog eða aðra staði sem erlendir ríkisborgarar þurfa að sækja til dæmis flugvelli, Útlendingastofnun og heilsugæslu innflytjenda. Einnig hefur starfsmaður mansalsteymis lagt áherslu á að kynna starfsemina meðal stofnanna og félagasamtaka sem gætu haft snertifleti við málaflokkinn. Þessi vinna mun halda áfram og skilar vonandi árangri og verður til að aðsókn brotapolu í Bjarkarhlíð eykst.

Heilbrigðisskoðun innflytjenda

Það hefur reynst brotapolum þrándur í götu að útgáfa dvalarleyfis sé háð því að þau fari í heilbrigðisskoðun hjá heilsugæslu innflytjenda í Domus Medica. Skoðunin er skylda fyrir alla þá einstaklinga sem hafa uppruna eða hafa búið utan evrópska efnahagssvæðisins, Ástralíu, Japan, Ísrael, Bandaríkjanna og Bretlands og eins og hér segir er skilyrði útgáfu dvalarleyfis. Þessi skoðun kostar í kringum 60 til 70 þúsund krónur fyrir fólk sem ekki er sjúkratryggt á Íslandi. Starfsfólk Bjarkarhlíðar hefur orðið vart við að brotapolar sem sækja um fyrsta dvalarleyfi í kjölfar mansals hafa ekki ráð á slíkri læknisskoðun og hanga því í lausu lofti hvað varðar búseturétt því það er ekki hægt að gefa út dvalarleyfið fyrr en heilbrigðisskoðun er lokið.

Auk þess er ekki tryggt í lögum um heilbrigðisþjónustu að brotapolu mansals geti leitað sér læknaðstoðar endurgjaldslaut, hvort sem um neyðarþjónustu eða almenna heilbrigðisþjónustu er að ræða. En í 4. mgr 13 gr. reglugerðar um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi (nr 1577/2024) kemur fram að: „Fórnarlömb mansals eiga rétt á neyðaraðstoð [...] Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki þjónustuveitanda og hafa ekki milligöngu um endurkröfur í þessum tilvikum. Ef erlendir fangar geta ekki greitt fyrir heilbrigðisþjónustu skv. 14. gr. fellur kostnaður á viðkomandi þjónustuveitanda. Sama á við um fórnarlömb mansals“

Það hefur borið á því að brotapolar sem hafa þegið lækniþjónustu áður en búið er að tryggja dvalarleyfi og kennitölu hafi verið send rúkkun frá þjónustuveitanda um leið og kennitala er komin á einstaklingsskrá. Þar með fellur kostnaður ekki á viðkomandi þjónustuveitanda heldur brotapolu þó að lækniþjónusta sé beinlínis vegna afleiðinga mansals.

ÁSKORANIR



Aftur má benda á að umsækjendur um alþjóðlega vernd njóta heilbrigðisþjónustu sér að endurgjaldslausu og án þess að eiga hættu á fá bakreikning hvorki vegna bráðþjónustu á spítala né almennrar heilsugæsluþjónustu sem veitt er á Domus Medica. Bjarkarhlíð telur mikilvægt að útvíkka þjónustuna til þess að brotapolar mansals geti nýtt sér hana þegar þörf krefur.

Þar að auki hefur Domus Medica sett á laggirnar tilraunaverkefni sem snýr sérstaklega að brotapolum mansals og mikill áhugi er á samstarfi við Bjarkarhlíð en þar er einnig boðið upp á almenna lækniþjónustu fyrir innflytjendur. Þó að lög um heilbrigðisþjónustu geri ráð fyrir því að kostnaður geti fallið á þjónustuveitanda er það ekki raunin ef þolandi fær að lokum kennitölu. Mikilvægt er að brotapolar geti leitað sér nauðsynlegrar lækniþjónustu án þess að skuldsetja sig og þar með gera fjárhagsstöðu sína enn viðkvæmari en ella.

Dvalarleyfi

Í mörgum málum sem komið hafa upp hafa brotapolar haft dvalarleyfi sem grundvallast af starfi þeirra, þannig þegar þau þurfa að hætta að vinna ef grunur um mansal vaknar missa þau oft dvalarréttinn líka. Þá geta hugsanlegir brotapolar mansals fengið umþóttunarleyfi eða dvalarleyfi á grundvelli 75.gr útlendingalaga, þetta leyfi er ekki hægt að endurnýja og getur gilt í allt að 9 mánuði. Leyfinu fylgir ekki réttur til að stunda atvinnu en hægt er að sækja um atvinnuleyfi hafi umsækjandi/brotapoli tryggt sér vinnu. Í útlendingalögum má finna tvær lagagreinar sem skilgreina dvalarleyfi fyrir annars vegar **hugsanlega** brotapola mansals og hins vegar **brotapola** mansals (75. gr. og 76. gr).

Dvalarleyfi á grundvelli 76. gr er hugsað fyrir **brotapola** mansals en ekki er nánar skilgreint hvorki í lögnum né reglugerð hvaða skilyrði brotapoli mansals þarf að uppfylla. Ekki er komin nægilega mikil reynsla af veitingum þessa dvalarleyfis til þess að hægt sé að áætla hvaða skilyrði gæti þurft að uppfylla. Eins og komið hefur fram áður fela dvalarleyfi á grundvelli þessara tveggja lagagreina ekki í sér rétt til atvinnu, dvalartíminn telur ekki upp í skilyrði um 4 ára dvalartíma fyrir hugsanlega umsókn um ótímabundið dvalarleyfi seinna meir og ekki er hægt að endurnýja dvalarleyfi á grundvelli 75.gr fyrir hugsanlega brotapola mansals. Bjarkarhlíð telur að dvalarleyfin nái ekki nógu vel utan um þann hóp brotapola sem er búsettur á Íslandi og hefur jafnvel verið á Íslandi í einhver ár þegar mansalsmálin eru tekin til rannsóknar.

Það má benda á að finnsk stjórnvöld hafa aðlagð útlendingalögin þar í landi þannig að þau styðji við brotapola vinnumansals sem hafa búið löglega í Finnlandi.

ÁSKORANIR



Lögin eru tvískipt og þolandi sem hefur haft dvalarleyfi í Finnlandi og hefur upplifað misbeitingu af hendi yfirmanns getur fengið dvalar- og atvinnuleyfi til árs. En þolandi sem ekki hefur verið með dvalarrétt í Finnlandi sækir um annars konar leyfi sem einnig felur í sér rétt til atvinnu. Leyfin sjálf virðast mjög svipuð en ólík skilyrði sem þarf að uppfylla. Bæði leyfin veita rétt til atvinnu óháð vinnuveitanda.

Bjarkarhlíð telur mikilvægt að útlendingalögum hér á landi verði breytt á þann hátt að þau taki betur mið af aðstæðum fólks og verði í það minnsta ekki hindrun fyrir fólk að stíga fram þegar á þeim er brotið.

Viðkvæmar persónuupplýsingar

Í samskiptum við stofnanir og aðra hagaðila hafa persónuverndarlögin verið nefnd ítrekað. Algengt er að starfsfólk veigri sér við að vera í samband við Bjarkarhlíð til þess að fá upplýsingar eða aðstoð af ötta við að brjóta í bága við persónuverndarlögin. Ekki er enn ljóst hversu mikil áhrif þessi hindrun hefur haft en þó er mikilvægt að tryggja það með einum eða öðrum hætti að aðrir aðilar geti haft samband við Bjarkarhlíð og deilt upplýsingum. Að minnsta kosti upp að því marki að hægt sé að fá Bjarkarhlíð að borðinu þó að þolandi hafi ekki gert upp hug sinn hvort tilkynna eigi málið til lögreglu.

Teymisstýra og samræmingarfulltrúi áttu gagnlegan fund með starfsfólki Persónuverndar í mars 2025 þar sem fram kom að tvær leiðir væru mögulega færar til vinnslu upplýsinga. Annars vegar að Bjarkarhlíð sem frjáls félagasamtök falli undir heimild í persónuverndarlögunum sem heimila vinnslu upplýsinga óski þjónustuþegi eftir þjónustu og vinnsla upplýsinga er nauðsynleg til þess að veita þessa þjónustu. Hins vegar er hugsanlegt að ef Bjarkarhlíð hefur tekið við lögbundnu hlutverki yfirvalda með þjónustusamningi að heimilt sé að vinna með upplýsingar. Samningur sem Bjarkarhlíð og ráðuneytin hafa gert vegna mansalsmála felur ekki í sér þessa útvistun lögbundins hlutverks hins opinbera svo enn á eftir að skoða þessi mál betur og útfæra en mikilvægt er að farið verði í þá vinnu.

Mannekla Lögreglu

Eins og komið hefur fram ítrekað er „stóra vinnumansalsmálið“ til rannsóknar sem stendur og er það þungt í vinnslu, bæði fyrir þjónustuveitendur eins og ASÍ, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun en ekki síður fyrir lögregluna. Í málinu eru margir þolendur og mikið af rannsóknargögnum sem eru meira og minna á víetnömsku og þarf því að þýða þau. Mikið álag er á lögreglu vegna þessa máls og hefur borið á því að það sé ekki hægt að rannsaka önnur mál á meðan. Bjarkarhlíð telur mikilvægt að lögreglan fái liðstyrk eða starfsfólki verði fjölgað sem geti tekið að sér rannsóknir á mansalsmálum.

ÁSKORANIR



Sérstaklega í ljósi þess að samræmingaraðili hefur orðið vör við að starfsfólk annarra stofnanna telji að tilgangslaust sé að tilkynna því lögregla bregðist ekki við og tímafrekt sé að útbúa tilkynningar.

Barnaverndarmál

Borið hefur á í samtölum við félagsþjónustu, barnaverndir, Barnahús og Barna- og fjölskyldustofu að lítið ut anumhald sé á mansalsmálum meðal barna þó að oft vakni grunur um að slíkt eigi sér stað. Bjarkarhlíð vill gjarnan formgera samstarf við barnaverndir og/eða barnaverndaryfirvöld og finna leiðir til að starfsmaður í mansalsmálum komi að borðinu. Mikilvægt er að halda utan um fjölda mála, hafa yfirsýn og bera kennsl á vankanta í kerfinu en sem stendur er ekki verið rýna þessa hluti. Þar sem Bjarkarhlíð veitir börnum ekki ráðgjöf eða stuðning hefur ekki verið aðkoma samhæfingarfulltrúa að barnaverndarmálum.

Aðstoð við heimför

Eins og áður hefur komið fram vilja brotapolar í sumum tilvika snúa til heimaríkis og í öðrum tilvikum er brotapolum gert að snúa til heimaríkis. Úsa hefur getað aðstoðað fólk með erlendan bakgrunn við að snúa heim með vísan í 7.tl 3.gr *reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði*. Þá hefur verið gengið úr skugga um að hvorki brotapol geti staðið undir kostnaði né heimaríki. Hægt er að greiða ferðakostnað og vasapening en annar kostnaður sem getur komið upp á ferðalaginu er ekki greiddur. Til dæmis ef viðkomandi þarf að millilenda og upp kemur töf eða annað slíkt. Einnig er óvíst hvort fólk sé að lenda í sömu aðstæðum og það var í áður og aukin hættu er á endurteknum áföllum eða að mansal hefjist á ný í öðrum löndum. Fjölmargir brotapolar hafa farið af landi brott í ótryggar aðstæður og oft hefur reynst erfitt að tryggja öryggi þeirra á ferðaleiðinni og að tryggja að ferðin gangi snuðrulaust fyrir sig.

Þá þarf að fá úr því skorið hver ábyrgð Íslands er gagnvart mansalsþolendum sem hafa sætt mansali í öðru ríki/ríkjum og vilja leita skjóls hér. Og þá er mikilvægt að skoða hvað alþjóðasáttmálar segja til um það.

Starfsfólk Bjarkarhlíðar sat fund með fulltrúum frá International Organisation of Migration (IOM) og á þeim fundi kom fram að hægt væri að semja um sömu þjónustu fyrir brotapol mansals og þá sem IOM veitir nú þegar í samstarfi við Útlendingastofnun fólki sem hefur fengið brottvísun eða frávísun og kys að ferðast sjálfviljugt. Þá er ferðakostnaður greiddur eða fólki fylgt til heimaríkis og þjónustuþegar fá að auki fjárstuðning til þess auðvelda þeim að koma sér fyrir í heimalandi á ný. Bjarkarhlíð sér fyrir sér að slík þjónusta geti komið sér vel fyrir brotapol mansals og jafnvel minnkað hættu á endurteknum áföllum.

UMRÆÐA OG FRAMTÍÐARSÝN



Það er ljóst að mismunandi mansalsmál krefjast mismunandi viðbragðs og mörgu er enn ábótavant þó að eitthvað hafi áunnist nú þegar. Vinnumansalsmál eru í brennidepli og finn árangur hefur náðst af samvinnu ólíkra aðila í aðkomu að þeim málum. Ekki síst vegna þess að „stóra vinnumansalsmálið“ hefur skapað dýrmæta reynslu sem viðbragðsaðilar munu búa að. Dvalarleyfismálin eru stór hluti þess máls þar sem flestir brotapolar eru frá Víetnam og komu til landsins til að setjast hér að. En upphaflegu dvalarleyfin voru háð því að þau stunduðu þá vinnu sem mansalið tengdist. Málið hefur verið lengi í vinnslu og fyrstu leyfin sem veitt voru þegar málið kom upp eru útrunnin, en vitnisburður þolenda er mikilvægur fyrir rannsókn lögreglu og því miklir rannsóknarhagsmunir í húfi. Þessi hópur er nær allur kominn í vinnu á ný og hefur ekki sóst eftir félagslegri aðstoð en leggur mikla áherslu á að geta sest hér að. En til þess að hægt sé að aðstoða þolendur við það þarf að breyta lögunum því mansalsleyfin veita ekki söfnun réttinda upp í tímaskilyrði fyrir ótímabundið dvalarleyfi eins og komið hefur fram.

Ef ekki er hægt að tryggja dvöl þolenda á landinu er ólíklegra að fólk sé tilbúið að stíga fram áður en það hefur náð að tryggja sér ótímabundið dvalarleyfi. Fólk hefur fórnað miklu til þess að koma til Íslands, bæði fjármunum og vinnu. Það hefur verið undir miklu álagi sem gerandi veldur þeim en ljósið við enda gangnanna er ótímabundið dvalarleyfi og frelsið sem því fylgir. Eins og fram hefur komið hefur lögregla grun um að hér á landi séu fleiri sambærileg mál sem fylgja svipaðri formúlu og jafnvel að gerendur í þeim séu einnig frá Víetnam. Það er því til mikils að vinna að tryggja réttindi þolenda sem gætu stigið fram og varpað ljósi á málin sem enn eru til staðar og utan seilingar lögreglu eða annarra viðbragðsaðila.

Lögregla virðist eiga í fullu fangi með rannsókn málsins og ekki geta tekið við fleiri málum sem hafa mansalsvinkil. Rannsókn slíkra mála er oft flóknari og viðameiri en rannsóknir annars konar sakamála. Það er miður ef rétt reynist að lögregla geti ekki tekið önnur mál til rannsókna á meðan verið er að rannsaka „stóra vinnumansalsmálið“. Bjarkarhlíð hefur tilkynnt mansalsmál og heyrt af tilkynningum mansalsmála sem ekki hafa farið í vinnslu ennþá vegna þess að starfsfólk mansalsdeildar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki getað hafið rannsóknir sökum anna. Það er skiljanlegt að mikið álag sé á lögreglu í þessum málum þar sem fjórir starfsmenn skipa mansalsteymið og þar af er einn af þeim yfirmaður. Þegar um svo stórt mál er að ræða er augljóst að það muni taka óratíma að leysa úr því með svo lítinn mannafla.

Mikil leynd ríkir yfir vændismansali eins og gefur að skilja en að sama skapi hefur fólk hugsanlega enn meiri þörf fyrir aðstoð við að koma sér úr aðstæðunum en þegar um vinnumansal er að ræða. Meðal þeirra þolenda sem hafa verið í samskiptum við Bjarkarhlíð hafa margir á einhvern hátt verið í samskiptum við lögreglu áður en ráðgjafi Bjarkarhlíðar stígur inn.

UMRÆÐA OG FRAMTÍÐARSÝN



Það má því ímynda sér að ef lögregla hefði ekki haft aðkomu væru brotapolar hugsanlega enn í fjötrum. Þess vegna er mikilvægt að dreifa upplýsingum sem víðast um þjónustu Bjarkarhlíðar svo brotapolar hafi vitneskju um að hér sé aðstoð að fá. Þá er mikilvægt að viðbragðsaðilar þekki þjónustuna og geti miðlað upplýsingum til brotapola svo þau geti sótt aðstoð sjálf en þá er einmitt hægt að vinna með upplýsingarnar með samþykki brotapola og í samræmi við persónuverndarlögin á meðan ekki er búið að formgera hlutverk Bjarkarhlíðar skýrar sem viðbragðsaðila.

Örugg heimför er viðfangsefni sem þarf að skoða nánar auk ábyrgð stjórnvalda þegar brotapolí mansals í öðru ríki leitar skjóls á Íslandi. En síðustu ár hafa margir brotapolar sótt um alþjóðlega vernd en fengið synjun þar sem þau hafa tryggt sér dvalarrétt annars staðar í Evrópu. Bjarkarhlíð vill gjarnan vekja athygli á þessum álitaefnum og skoða betur hvert hlutverk Íslands í þessum málum.

Brotapoli vændis eru falinn hópur sem þurfa oft mikinn og fjölþættan stuðning og í fyrstu eru það grunnþarfirnar sem eru mikilvægastar t.d. öruggt húsnaði og framfærsla. En þegar búið er að tryggja þessa þætti er stuðningur og ráðgjöf mjög mikilvæg auk félagslegrar virkni. Það er flókið í framkvæmd að veita þennan stuðning og vegna flókinna áfallasögu eru brotapolar ekki alltaf tilbúnir til að þiggja. Þess vegna hefur Bjarkarhlíð einsett sér að vekja athygli á þjónustu sem er í boði og leitast við að tryggja að sem flestir viti af henni. Markmiðið er að vera til staðar og sýnileg þegar og ef fólk er tilbúið að taka skrefið og þiggja aðstoð. Eins er mikilvægt að aðrir þjónustuveitendur viti af hlutverki Bjarkarhlíðar og geti þá vísað fólki til okkar ef grunur er um að viðkomandi hafi orðið fyrir ofbeldi eða sé þolandi mansals.

Þá er mikilvægt að reynslan og þekkingin sé tekin saman til að hægt sé að hafa yfirsýn yfir málaflokkinn. Þar sem starfsmaður Bjarkarhlíðar í mansalsmálum er eini starfsmaður í mansalsmálum í fullu starfi á Íslandi er hér tækifæri til að safna upplýsingum og greina hindranir í kerfinu. Það er augljóst að mansalsferlar víðsvegar í kerfinu virka ekki sjálfvirkir og að mismunandi kerfi vinna ekki saman. Þess vegna er lögð áhersla á að taka þessar upplýsingar saman og miðla til yfirvalda í von um að hægt sé að útrýma hindrunum með einhverjum hætti.